



Ársskýrsla 2018



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns Auðhumlu	3
Ávarp stjórnarformanns MS	4
Frá framkvæmdastjóra AH	5
Frá forstjóra MS	5
Fulltrúar deilda Auðhumlu	6
Stjórn Auðhumlu	7
Verðlaunahafar 2018	8
Mjólkursamsalan ehf. 2018	9
Tölulegar upplýsingar	10
Ársreikningur samstæðu 2018	13
Áritun óháðra endurskoðenda	14
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	16
Rekstrarreikningur ársins 2018	17
Efnahagsreikningur	18
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018	20
Yfirlit um eigið fé ársins 2018	21
Skýringar	22
Viðauki	34



Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Þórhildar
Ljósmyndir: Þórhildur Jónsdóttir
Ljósmynd af stjórnarformanni: Gunnar Leifur Jónasson
Ljósmyndir af stjórn Auðhumlu og stjórn MS: Gunnar Leifur Jónasson
Ljósmyndir af verðlaunahöfum: Garðar Eiríksson
Prentun: Prentmet

Ávarp stjórnarformanns Auðhumla

Ágúst Guðjónsson



Á aðalfundi SAM kom fram að íslenskir kúabændur hafa aukið framleiðni í greininni mikið frá árinu 2007 og ríkisstuðningur hefur lækkað umtalsvert á þessu tímabili. Séu þeingreiðslur skoðaðar kemur í ljós að þær lækka úr því að vera 46% af tekjum á hvern lítra 2007 í 33% af tekjum á hvern lítra 2018. Sett í alþjóðlegan samanburð var stuðningur við mjólkurframleiðslu í Bandaríkjunum metinn 45% af framleiðslu mjólkur árið 2016. Séu greiðslur ríkissjóðs til stuðnings nautgriparæktinni á tímabilinu 2007-2018 reiknaðar á verðlagi 2018 með vísitölu neysluverðs 31. desember ár hvert kemur í ljós að á tímabilinu hefur ríkisstuðningur til nautgriparæktarinnar lækkað að raungildi um 18% en miðað við hvern lítra greiðslumarks er lækkanin 35%. Þetta eru athyglisverðar tölur og orðið hálföfugsnúið ef við njótum minni stuðnings en ríki sem búa við miklu hagfelldari framleiðsluáðstæðu.

Mjólkurframleiðsla ársins 2018 var 152,4 milljónir lítra sem er nýtt Íslandsmet. Sala á fitugrunni var 144,7 milljónir lítra en 129,5 milljónir lítra á próteingrunni þannig að efnahallinn var rúmlega 15 milljónir lítra. Framleiðsla samkvæmt spá MS er 148 milljónir lítra fyrir árið 2019 og söluáætlun gerir ráð fyrir lítills háttar söluaukningu, eða um 1%. Frá 2011 til 2017 jókst salan um 30% en hefur staðnað eftir það. Eins og staðan er í dag bendir fátt til þess að salan aukist árið 2019, ferðamönnum er farið að fækka, óvissa í fluggeiranum og yfirvofandi verkföll.

Afkoma Auðhumla var neikvæð um 409 milljónir króna árið 2019. Það voru nokkrir þættir sem vógu þyngst í þessu tapi. Í fyrsta lagi er sekt Samkeppniseftirlitsins inni í þessari tölu. Fyrir áramótin 2017/2018 lagði Auðhumla fjórar sérhæfðar starfsstöðvar inn í MS í hlutafjáraukningu og varð þar af 300 milljónum nettó í leigutekjur. Ljóst er að rekstur Auðhumla þoldi ekki svona stórt högg. Þá hefur Auðhumla borið útgjöld af gæðagreiðslum vegna úrvalsmjólkur og fyrirmyndarbús og efnainnihaldi umfram afurðastöðvaverð án þess að fá tekjur á móti. Tekjugrunnur Auðhumla hefur verið endurskoðaður fyrir árið 2019 og með þeim breytingum á afkoma Auðhumla að verða ásættanleg fyrir árið 2019. Eins og fram hefur komið á fundum hefur skulda- staða Auðhumla og Mjólkursamsölnunnar hækkad umtalsvert á undanförunum árum og er einfaldlega orðin allt of há. Skýringar eru margar og má þar nefna

pólítíska herkví heildsluverðlagningar 2017 – 2018, mikla framleiðslu umframjólkur og greiðslu fyrir umframjólkur umfram tekjur af henni á erlendum mörkuðum, aukinn efnahalla greiðslumarksmjólkur og aukinn vinnslukostnað í því mikla mjólkurmagni sem búið er að taka á móti á undanförunum tveimur til þremur árum. Á sama tíma hefur fjárfestingarþörf verið mikil við endurnýjun á vinnslu- og stoðbúnaði afurðastöðvanna en því hafði ekki verið sinnt sem skyldi á 10 – 15 ára tímabili fyrir stofnun Mjólkursamsölnunnar 2007. Áfram liggur fyrir umtalsverð þörf á endurnýjun vélbúnaðar og einnig að bæta vinnslu- og geymsluáðstöðu Mjólkursamsölnunnar en hluti af því er tengdur gæðavottunum sem nauðsynlegar eru til að uppfylla kröfur viðskiptavina sem stöðugt krefjast fleiri og meiri staðlaðra gæðavottana. Ef við getum ekki uppfyllt þær kröfur er vandi á ferðum. Sama gildir einnig um útflutning. Afkoma fyrirtækjanna hefur verið langt frá því sem nauðsynlegt hefur verið til að geta uppfyllt þessi verkefni og til að geta mætt þeim aðstæðum sem óhjákvæmilega koma upp í slíkri og umfangsmikilli starfsemi. Það er óábyrgt að halda áfram á sömu braut og á undanförunum árum án þess að grípa í taumana af festu og ábyrgð. Réttu þarf af rekstur Mjólkursamsölnunnar og bæta lausafjárstöðu fyrirtækisins og greiða niður skuldir til að minnka það álag sem hvílir á greininni. Það má einfaldlega ekkert út af bregða í rekstrinum í þeirri fjárhagsstöðu sem nú er uppi.

Tollasamningur, sem var gerður við ESB haustið 2015 og tók gildi 1. maí 2018, er mjólkuriðnaðinum afar óhagstæður og allar forsendur brostnar í ljósi Brexit en mjólkuriðnaðurinn hafði fyrst og fremst horft á Bretland sem útflutningsmarkað fyrir skyr sem væri framleitt á Íslandi. Það er því mjög mikilvægt að ná samtali við ríkisvaldið um aðgerðir til að mæta þessum vanda. Á síðustu dögum hefur þó komið fram að utanríkisráðherra hefur náð bráðbirgðasamningi við Breta en enn er óljóst hvað hann felur í sér.

Á stjórnarfundum Auðhumla 25. janúar síðastliðinn var samþykkt að afleggja innvigtunargjald og taka þess í stað upp afurðastöðvaverð fyrir umframjólkur sem um þessar mundir er 29 krónur á hvern lítra. Þetta verð verður endurskoðað um mitt ár og uppbætur greiddar eftir að lokauppgjör ársins hefur farið fram ef tilefni gefur til. Með þessu munu allir framleiðendur fá það

sama greitt fyrir umframjólkur óháð því hvenær á árinu hún er framleidd.

Á stjórnarfundum Auðhumla 25. janúar síðastliðinn var samþykkt að greiðslur fyrir Fyrirmyndarbúið yrðu 1% á afurðastöðvaverð og að líftölumörk yrðu hert og greiðslur falli niður ef líftölumörk eru 50.000 eða hærri (faldmeðaltal). Það var ekkert gleðiefni að lækka þessar greiðslur en í ljósi fjárhagsstöðu Auðhumla taldi stjórnin þetta nauðsynlegt.

Til að takast á við framtíðina er nauðsynlegt að skjóta styrkari stoðum undir fyrirtækin okkar. Greiða þarf niður skuldir upp á 2 – 2,5 milljarða á næstu þremur árum. Ef það tekst getum við haldið áfram að endurnýja húsnæði og tæki til að iðnaðurinn standi í fremstu röð varðandi vöruþróun, tækni, afköst og nýtingu hráefna. Margt hefur áunnist í þessum efnum síðustu ár en betur má ef duga skal. Ísley útflutningur ehf., sem var stofnað í sumar til að halda utan um erlenda starfsemi, er með metnaðarfullar áætlanir um að efla starfsemi á næstu fimm árum. Ef þær ganga eftir verður þessi starfsemi farin að skila umtalsverðum fjárhæðum eftir fimm ár. Þeim ávinningi þurfa bændur og MS að skipta á milli sín. Nú hefur farið fram atkvæðagreiðsla kúabænda um framtíð kvótakerfis í mjólkurframleiðslu. Niðurstaðan var skýr þar sem 88% kúabænda studdu að kvótakerfið verði áfram og gleðilegt var hversu þátttakan var góð, eða um 88%. Nú munu BÍ, LK og ríkisvaldið setjast niður og móta áherslur í ljósi þessarar niðurstöðu og endurskoða búvörusamninginn. Nauðsynlegt er að það verði búið svo um hnúta að hægt verði að stýra framleiðslunni bændum og mjólkuriðnaðinum til hagsbóta. Einnig er mikilvægt að verðlagning til handa bændum og mjólkuriðnaðinum komist í betri farveg. Það er aldrei mikilvægara en nú að kúabændur standi þétt saman til að mæta þeim fjölmörgu og krefjandi verkefnum sem fram undan eru.

Að lokum vil ég þakka kúabændum, starfsfólki, viðskiptavinum og stjórnum félaganna fyrir gott samstarf á árinu.

Ávarp stjórnarformanns MS

Elín M. Stefánsdóttir



Seint á síðasta ári voru haldnir bændafundir þar sem rædd var fjárhagsstaða Mjólkursamsölnunnar sem stefndi í óefni þrátt fyrir hlutfjárþaukningu upp á rúmlega 2,3 milljarða rétt fyrir áramótin 2017/18. Á þeim tíma var uppsafnað tap frá stofnun Mjólkursamsölnunnar árið 2007 orðið um 1 milljarður króna. Þess má geta að ágóði af erlendra starfsemi er þarna innifalinn. Samhliða erfiðri rekstrarstöðu Mjólkursamsölnunnar var skuldastaðan orðin mjög íþyngjandi.

Stjórn Mjólkursamsölnunnar réðst í stefnumörkun og skipulagsbreytingar um mitt ár til að ná fram nauðsynlegri hagræðingu í rekstri félagsins. Þessar aðgerðir horfðu meðal annars á lækkan rekstrarkostnaðar, eflingu erlendra starfsemi og einföldun skipulags. Nú þegar má sjá árangur þessa þar sem starfsgildum hjá Mjólkursamsölnunni hefur fækkað töluvert auk þess sem fækkað var í yfirstjórn. Þessar aðgerðir, ásamt nauðsynlegri og löngu tímabæri verðhækkun í byrjun september, urðu til þess að viðsnúningur varð á rekstrinum á seinni hluta ársins.

Einnig er ljóst að minni mjólkurframleiðsla síðari hluta ársins 2018 hefur dregið töluvert úr rekstrarkostnaði. Frá haustmánuðum 2018 og fram til áramóta hefur þróunin verið á réttari leið og skuldastaðan hefur lagast um 1.000 milljónir króna.

Reksturinn hefur með þessu styrkst mikið og afkoma af reglulegri starfsemi félagsins hefur komist í jafnvægi. Samkvæmt ársreikningi félagsins var hagnaður á síðastliðnu ári af reglulegri starfsemi tæpar 170 milljónir en eftir að stjórnvaldssekt var gjaldfærð endar árið með tapi upp á 273 milljónir. Að henni frátalinni var 406 milljón króna viðsnúningur af reglulegri starfsemi frá 2017.

Innvigtun mjólkur á síðastliðnu ári var rúmlega 152 milljónir lítra sem er meira en nokkru sinni fyrr þrátt fyrir minni mjólkurframleiðslu síðari hluta ársins. Innvigtunin fyrstu tvo mánuði 2019 hefur verið nálægt því sem hún var 2017 sem er nokkuð hófstílltara og nær innanlandsneyslu heldur en á sama tímabili 2018.

Sala mjólkur árið 2018 var tæpar 145 milljónir á fitugrunni en 129,5 milljónir á próteingrunni. Misvægi í sölu á fitu- og próteingrunni var því um 15,5 milljónir

lítra. Þessu fylgir mikill kostnaður en við verðákvörðun verðlagsnefndar er m.a. tekið mið af heildarafkomu greinarinnar. Í september síðastliðnum fékkst verðlagning á verðlagsbundnar vörur eftir frost á verðlagningu í 22 mánuði. Þar fékkst aukahækkun á smjör þannig að það hækkaði um 15% en það er samt sem áður framléitt áfram undir kostnaðarverði.

Á síðasta ári var tekið á móti um 7,4 milljónum lítra af umfram mjólk. Á fyrri hluta ársins voru greiddar 35 krónur pr lítra en seinni hluta ársins voru greiddar 30 krónur pr lítra. Verð fyrir umfram mjólk verður endurskoðað með tilliti til skilaverðs á erlendum mörkuðum og gengisþróunar.

Nýlega fór fram atkvæðagreiðsla meðal kúabænda um framtíð kvótakerfisins. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var skýr, þátttakan um 88% og um 89% þeirra sem greiddu atkvæði vilja hafa kvótakerfið áfram. Það hefur komið vel í ljós að undanförunni hversu mikilvægt það er að hafa stýringu og fyrirsjáanleika í framleiðslu landbúnaðarvara. Þetta er gott veganesti fyrir forsvarsaðila greinarinnar við endurskoðun búvörusamninga.

Eitt af stærri verkefnum í endurskoðun búvörusamninga eru verðlagsmálin. Við búvörusamningagerðina 2016 var ráðgert að fara í svokallaða tekjumarkaleið þar sem markaðsráðandi fyrirtæki væru sett ákveðin tekjumörk á markaði. Þetta myndi vissulega veita iðnaðinum meira frjálshæðni í verðlagningu út á markað en að mati okkar sem störfum í mjólkuriðnaðinum verður að fara varlega í allar breytingar. Þar má nefna að við verðum m.a. að tryggja áfram afdráttarlausar heimildir til sérverðlagningar á vörum sem við seljum til annarra matvæla fyrirtækja.

Í þessu samhengi má nefna að skilyrði, sem okkar fyrirtækjum eru sett að þessu leyti, þarf ekki að uppfylla við innflutning mjólkurvara. Það fylgist enginn með því hvort innfluttar mjólkurvörur eru undirverðlagðar. Við verðum að fara fram á það við stjórnvöld að þau gæti hagsmuna matvælaframleiðslu á Íslandi líkt og önnur ríki gera.

Á Íslandi eru núna nánast 90% tollnúmera án tolla en voru 70% árið 2012 og við erum með lægri meðaltoll en bæði ESB og Noregur. Ísland er lítið opið hagkerfi

sem treystir á alþjóðaviðskipti en gæta verður þess að innlend framleiðsla lífi góðu lífi áfram og við eigum ekki að vera feimin við að krefjast þess að stjórnvöld gæti að starfsumhverfi okkar bænda líkt og aðrar þjóðir gera. Verum minnug þess að innlendar landbúnaðarvörur stuðluðu að ódýrari matarkörfu Íslendinga á árunum eftir hrúnið þegar innfluttar vörur hækkuðu um 75%!

Forsendur tollasamnings við ESB hafa brostið við ákvörðun Breta um útgöngu úr bandalaginu sem væntanlega raungerist innan skamms. Samningar, sem gerðir eru á vettvangi EES, hafa endurskoðunar-ákvæði sem eðlilegt væri fyrir Ísland að nýta sér núna þar sem forsendur eru breyttar bæði innanlands og í Evrópu.

Ráðherra landbúnaðarmála hyggst leggja fram á næstunni frumvarp til þess að verða við dómi EFTA dómstólsins sem féll fyrir nokkru í svokölluðu hráa kjöts máli. Ég harma að stjórnvöld hafi lagt árar í bát við að verja einstaka stöðu Íslands og vil sjá Alþingi hafna frumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem snýr að innflutningi á fersku kjöti og eggjum og að auk þess fari fram fundur með æðstu leiðtogum ESB þar sem einstök staða Íslands verði rædd.

Undirrituð tók við stjórnarformennsku á miðju síðasta ári en fram að því hafði Egill Sigurðsson staðið vaktina. Fyrir hönd okkar allra þakka ég honum fyrir ótult starf í stöðu stjórnarformanns hátt í áratug. Það er ljóst að mjólkuriðnaðurinn hefur tekið stökkbreytingum bæði í því magni af mjólk, sem unnin er, og neyslu innanlands auk uppbyggingar erlendra umsvifa. Fram undan er vinna við að treysta stöðirnar og marka stefnu inn í breyttan hagnæmni innanlands.

Ég þakka gott samstarf og megi okkur vegna vel á komandi ári.

Frá framkvæmdastjóra AH

Garðar Eiríksson



Árið 2018 hafði íslenskur mjólkuriðnaður tekið á móti mjólk frá framleiðendum í 90 ár og umbreytt í vörur til sölu á markaði. Þetta eru því nokkur tímamót. Á þessum 90 árum hefur margt breyst og jafnframt hafa skipst á skin og skúrir í rekstri forvera Auðhumlu. Árið 2018 var erfitt rekstrarár með tapi samstæðu upp á 409 milljónir. Á því eru nokkrar skýringar, m.a. þar sem Auðhumla lagði sérhæfðar eignir inn sem hlutfé í Mjólkursamsöluna ehf. árið 2017 en við það lækkuðu leigutekjur um 300 milljónir, auk þess greiddi Auðhumla gæða- og álagsgreiðslur á mjólk til framleiðenda án þess að fá það uppborið í sölu.

Lausafjárstaða samstæðunnar var erfið allt árið og heildarskuldir hafa aldrei verið hærri. Það er mikilvægt að snúa við þessari stöðu og lækka skuldir þannig að hægt verði að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar á næstu árum og styrkja þannig félögin til þess að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Mjólkureftirlit og ráðgjöf voru færð til Auðhumlu hinn 1. janúar 2018. Sú yfirfærsla hefur gefist vel og er hluti gæðakerfis Auðhumlu sem verið er að byggja upp. Slík verkefni eru í sífelldri þróun og munu heimsóknir til bænda, sem hluti þessa verkefnis, hefjast bráðlega.

Stefnt er að auknu eigin eftirliti sem um leið gæti þá dregið úr opinberu eftirliti.

Þakkað færi ég mjólkurframleiðendum, starfsfólki og öðrum samstarfsaðilum fyrir góð samskipti á liðnu ári.

Frá forstjóra MS

Ari Edwald



Síðastliðið ár var sveiflukennt í rekstri Mjólkursamsölnnar og talsvert umfram hefðbundna árstíðasveiflu. Fyrri helmingur ársins skilaði um 700 milljóna króna tapi af reglulegri starfsemi en síðari helmingurinn um 870 milljóna króna hagnaði. Samtals tæpar 170 milljónir króna eftir skatt sem er 406 milljóna króna bati frá árinu áður. Frá því dregst gjaldfærsla sektar Samkeppniseftirlitsins upp á 440 milljónir króna en rétt þykir að gjaldfæra sektina í reikningum MS þótt málið sé enn fyrir dómstólum og fyrirtækið vonist eftir endurgreiðslu sektarinnar. Niðurstaða ársins að teknu tilliti til sektarinnar var 273 milljóna króna tap. Þróun rekstrarhagnaðar (ebitda) endurspeglar þó betur en niðurstöðutalan þá jákvæðu þróun sem orðið hefur í rekstri félagsins. Ebitda var 1.416 milljónir króna árið 2018 og hækkaði um 650 milljónir króna frá árinu áður.

Nokkrar skýringar eru á verulegum bata í rekstri á síðari hluta ársins. Framleiðsla og móttaka á mjólk var töluvert yfir árinu á undan framan af ári en undir framleiðslu fyrra árs á síðari hluta ársins. Það hefur mikil áhrif á kostnað félagsins. Heildsölverð á mjólkurvörum var hækkað í byrjun september og hafði þá ekki hreyfst í um 20 mánuði. Þá er greinilegt að aðhald í rekstri og fækkun stöðugilda hefur haft áhrif og mun skila meiri ávinningi á þessu ári.

Sala ársins 2018 á innanlandsmarkaði var ríflega 24,5 milljarðar króna og jókst um 694 milljónir króna, eða 2,91% og var 0,26% frá settu marki. Að magni til varð 0,54% aukning í birgðavörum en 3,9% samdráttur í ferskvörum. Áætlun ársins 2019 gerir ráð fyrir samantlagt tæplega 1% aukningu í magni og um 4% aukningu sölutekna sem er um 1 milljarður króna. Sala ársins hefur farið ágætlega af stað.

Á síðasta ári var sala á próteingrunni 129,5 milljónir lítra og minnkaði um 2,2% en sala á fitugrunni var 144,8 milljónir lítra og jókst um 0,5%. Próteinhallinn var því um 15,5 milljónir lítra á árinu. Þetta prótein er flutt út á verði sem stendur ekki undir hráefnisverði og þarf að vinna upp með tekjum af annarri vörusölu. 15% verðhækkun á smjöri síðasta haust minnkaði þann vanda sem hefur hlotist af mikilli söluaukningu smjörs en heildsölverð er þó enn um 20% lægra en hráefnisverð.

Eins og boðað hafði verið var erlend starfsemi félagsins færð yfir í dótturfélagið Ísey útflutningur ehf. um mitt síðasta ár. Það var annars vegar gert til að tryggja bókhaldslegan aðskilnað innlendrar starfsemi og erlendra viðskipta sem byggjast ekki á íslensku mjólkurhráefni og hins vegar til að skerpa athygli á þau mark-

mið sem erlendu starfseminni hafa verið sett. Almennt má segja að þessi starfsemi hafi gengið vel á árinu. Frá 1. júlí, er nýtt skipulag tók gildi, nam rekstrarhagnaður Íseyjar útflutnings ehf. um 75 milljónum króna og skilaði 54 milljóna króna hagnaði. Heildarsala MS og samstarfsaðila á öllum markaðssvæðum var um 18.600 tonn af skyri en það jafngildir um 110 milljón skýrdósum. Þetta er aukning í magni um rúm 10% frá síðasta ári og 200% frá árinu 2012.

Mikil tækifæri liggja áfram í betri hráefnisnýtingu. Framleiðsla Heilsupróteins ehf. á próteindufti úr ostamysu gengur vel og er í samræmi við áætlanir. Prófanir hafa farið fram á etanólframleiðslu úr mjólkursykrinum í osta- og skyrmysu sem ekki hefur verið nýtt. Unnið er að uppbyggingu verksmiðju sem verður í húsnæði Heilsupróteins á Sauðárkróki og standa áætlanir til þess að framleiðsla á etanóli hefjist vorið 2020.

Mjólkursamsalan þakkar Auðhumlu og kúabændum gott samstarf á síðasta ári.

Fulltrúar deilda Auðhumla

á aðalfundi 30. apríl 2019

Austurlandsdeild

Aðalfulltr.:	Björgvin Gunnarsson Jón Steinar Elísson	Núpi Hallfreðarstöðum
Varafultr.:	Haldóra Andrésdóttir Herdís Magna Gunnarsdóttir	Engihlíð Egilsstöðum

Austur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.:	Sæmundur Jón Jónsson	Árbæ
Varafultr.:	Eiríkur Egilsson	Seljavöllum

Vestur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.:	Kjartan Magnússon Magnús Sigurjónsson Jóhannes Gissurarson	Fagurhlíð Pétursey I Herjólfstöðum
Varafultr.:	Gunnar Þorsteinsson Ólafur Ögmundsson Elín Heiða Valsdóttir	Vatnsskarðshólum Ketilsstöðum Úthlíð

Eyjafjalladeild

Aðalfulltr.:	Ármann Fannar Magnússon Magðalena Jónsdóttir	Hrútafelli Drangshlíðardal
Varafultr.:	Sigríður Björk Ólafsdóttir Ragnar Lárusson	Fit Stóra-Dal

Landeyjadeild

Aðalfulltr.:	Rafn Bergsson Axel Sveinbjörnsson Elvar Eyvindsson	Hólmahjáleigu Hólmum Skíðbakka
Varafultr.:	Jóhann Nikulásson Gísli Davíð Sævarsson Garðar Guðmundsson	Stóru-Hildisey 2 Akurey Hólmi

Fjótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild

Aðalfulltr.:	Guðmundur Ómar Helgason Bjarni Jónsson	Lambhaga Selalæk
Varafultr.:	Birkir Arnar Tómasson Þórir Már Ólafsson	Móeiðarhvoli Bollakoti

Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild

Aðalfulltr.:	Hannes Ólafsson Daníel Magnússon	Austvaðsholti Akbraut
Varafultr.:	Ágúst Sæmundsson Borghildur Kristinsdóttir	Bjólu Skarði

Uppsveitadeild

Aðalfulltr.:	Óttar Bragi Þráinsson Hermann Geir Karlsson Eiríkur Jónsson Jórunn Svavarsdóttir	Míkholti Miðdalskoti Gýgjarhólskoti I Drumboddsstöðum
--------------	---	--

Páll Jóhannsson Sigríður Jónsdóttir	Núpstúni Fossi	
Varafultr.:	Samúel U. Eyjólfsson Ragnhildur Sævarsdóttir Sigurður Loftsson Arnfríður Jóhannsdóttir Ester Guðjónsdóttir	Bryðjuholti Hjálmsstöðum Steinsholti Dalbæ Sólheimum

Flóa- og Ölfusdeild

Aðalfulltr.:	Hrafnhildur Baldursdóttir Stefán Geirsson Anne B. Hansen	Litla-Ármóti Gerðum Smjörðölum
Varafultr.:	Haraldur Einarsson Höskuldur Gunnarsson Brynjólfur Jóhannesson	Urriðafossi Stóra-Ármóti Kolsholtshelli

Hvalfjarðardeild

Aðalfulltr.:	Haraldur Magnússon Ásthildur Skjaldardóttir	Belgsholti Bakka
Varafultr.:	Guðmundur Magnússon Lilja Guðrún Eyþórsdóttir	Káraneskoti Vestri-Reyni

Borgarfjarðardeild

Aðalfulltr.:	Egill Gunnarsson Birna Hauksdóttir	Hvanneyri Skáney
Varafultr.:	Brynjar Bergsson Bjarni Guðmundsson	Refsstöðum Skálpastöðum

Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild

Aðalfulltr.:	Laufey Bjarnadóttir Pétur Diðriksson Sigmundur H. Sigmundsson Sigurjón Helgason	Stakkhamri Helgavatni Mið-Görðum Mæl
Varafultr.:	Jón Svavar Þórðarson Gunnar Guðbjartsson Hallur Pálsson	Ölkeldu III Hjarðarfelli Naustum

Breiðafjarðardeild

Aðalfulltr.:	Gústaf Jökull Ólafsson Jónatan Magnússon Jón Egill Jóhannsson	Miðjanesi Hóli Skerðingsstöðum
Varafultr.:	Sigrún Sigurðardóttir Björn Birkisson	Lyngbrekku 2 Botni

Vestur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.:	Valgerður Kristjánsdóttir Sigurður Kjartansson	Mýrum III Hlaðhamri
Varafultr.:	Guðrún Eik Skúladóttir Gísli G. Magnússon	Tannstaðabakka Staðarbakka

Stjórn Auðhumla



Aftari röð f.v.: Garðar Eiríksson, Laufey Bjarnadóttir, Björgvin R. Gunnarsson, Jóhanna Hreinsdóttir og Ásvaldur Ævar Þormóðsson.
Fremri röð f.v.: Þórunn Andrésdóttir, Egill Sigurðsson, Ágúst Guðjónsson og Elin M. Stefánsdóttir.

Starfssvæði Auðhumla



Formaður

Ágúst Guðjónsson, Læk
frá 30.8.2018
Egill Sigurðsson, Berustöðum
til 30.8.2018

Varaformaður

Elin M. Stefánsdóttir, Fellshlíð

Ritari

Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti

Meðstjórnendur

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Stóru-Tjörnum
Jóhanna Hreinsdóttir, Káraneskoti
Björgvin R. Gunnarsson, Núpi
Egill Sigurðsson, Berustöðum

Varamenn

Laufey Bjarnadóttir, Stakkhamri
Linda B. Ævarsdóttir, Steinnýjarstöðum
Óttar Bragi Þráinsson, Miklaholti

Skoðunarmenn

Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti I
Hannes Ólafsson, Austvaðsholti

Varaskoðunarmenn

Geir Árdal, Dæli
Magnús Hannesson, Eystri-Leirargörðum

Framkvæmdastjóri

Garðar Eiríksson

■ Starfssvæðið

Austur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Sigurður Magnússon
Ingvar Björnsson
Jón Gíslason

Varafultr.: Gróa Lárusdóttir
Linda B. Ævarsdóttir
Magnús Björnsson

Hnjúki
Hólabaki
Stóra-Búrfelli

Brúsastöðum
Steinnýjarstöðum
Syðra-Hóli

Þórir Nielsson
Kjartan Smári Stefánsson
Vaka Sigurðardóttir
Þórolfur Ómar Óskarsson
Stefán Magnússon

Torfum
Múla
Dagverðareyri
Grænuhlíð
Fagraskógi

Varafultr.: Hákon Harðarson
Gunnhildur Gylfadóttir
Friðgeir Sigtryggsson
Hilmar Kári Þráinsson
Kristín Hermannsdóttir
Aðalsteinn Hreinsson

Svertingsstöðum 2
Steindyrum
Breiðumýri
Litlu-Reykjum
Merkigili
Auðnum

Alls 51 fulltrúi

Norðausturdeild

Aðalfulltr.: Hermann Ingi Gunnarsson
Ásvaldur Þormóðsson
Geir Árdal
Ásta Pétursdóttir
Guðmundur Bjarnason
Guðmundur Óskarsson

Klauf
Stóru-Tjörnum
Dæli
Hranastöðum
Svalbarði
Hríshóli

Verðlaunahafar 2018



Verðlaunahafar í Rangárbíngi ásamt stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Auðhumla.



Verðlaunahafar í Flóa- og Ölfusdeild ásamt stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Auðhumla.



Verðlaunahafar í Uppsveitadeild ásamt stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Auðhumla.



Verðlaunahafar í Norðausturdeild ásamt stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Auðhumla.



Verðlaunahafar á Vesturlandi ásamt stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Auðhumla.



Verðlaunahafar í Húnaþingsdeildum ásamt stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Auðhumla.

Innl.númer	Nafn	Heimili	Deild
20105	Sturla Þormóðsson	Fljótshólmur 4	Flóa- og Ölfusdeild
20118	Bryndís Óskarsdóttir	Dalbæ	Flóa- og Ölfusdeild
20215	Kolsholt ehf.	Kolsholti	Flóa- og Ölfusdeild
20321	Ragnar F. Sigurðsson og Hrafnhildur Baldursdóttir	Litla-Ármóti	Flóa- og Ölfusdeild
20511	Ólafur Ingi og Anna Gísladóttir	Eyði-Sandvík	Flóa- og Ölfusdeild
20601	Félagsbúið Tungufelli	Tungufelli	Uppsveitadeild
20608	Samúel U. Eyjólfsson og Þórunn Andrésdóttir	Bryðjuholti	Uppsveitadeild
20618	Gunnar K. Eiríksson og Magga S. Brynjólfssdóttir	Túnsbergi	Uppsveitadeild
20619	Bragi Viðar Gunnarsson	Túnsbergi 3	Uppsveitadeild
20628	Jóhann Kormásson og Esther Guðjónsdóttir	Sólheimum	Uppsveitadeild
20674	Grænagerði ehf.	Miðfelli 1	Uppsveitadeild
20702	Reykhóll ehf.	Reykhóli	Uppsveitadeild
20703	Birna Þorsteinsdóttir og Rúnar Bjarnason	Reykjum	Uppsveitadeild
22202	Páll I. Árnason og Kirsten Anita	Haga	Uppsveitadeild
22206	Högni Guðnason	Laxárdal	Uppsveitadeild
20933	Félagsbúið Guttormshaga	Guttormshaga	Holta-, Landm.-, Ása- og Djúpardeild
20948	Kristinn Guðnason og Elín Guðjónsdóttir	Þverlæk	Holta-, Landm.-, Ása- og Djúpardeild
21975	Sigríður Björk Ólafsdóttir	Fit	Eyjafjalladeild
22114	Sigurður Rúnar Sigurðsson	Glæsisstöðum	Landeyjadeild
22613	Péturseyjarbúið ehf.	Pétursey	Vestur-Skaftafellsdeild
30003	Jón Björnsson	Deildartungu	Borgarfjarðardeild
30018	Sigvaldi Jónsson og Björg María Þórsdóttir	Hægindi	Borgarfjarðardeild
30069	Félagsbúið Skálpastöðum ehf.	Skálpastöðum	Borgarfjarðardeild
30187	Mjólk og menn ehf.	Gunnlaugsstöðum	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30592	Sigurjón Grétarsson og Lilja Björk Kristjánsdóttir	Furubrekku	Norðausturdeild
35180	Kjartan Jóseppson	Nýjubúð	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
36431	Kristján Oddsson	Neðra-Hálsi	Hvalfjarðardeild
49235	Félagsbúið Breiðalæk ehf.	Breiðalæk	Breiðafjarðardeild
51871	Drifkraftur ehf.	Hnjúki	Austur-Húnaþingsdeild
58511	Pétur Sigvaldason	Neðri-Torfustöðum	Vestur-Húnaþingsdeild
60017	Helga B. Haraldsdóttir og Hjörtur Haraldsson	Víðigerði	Norðausturdeild
60034	Þórir Níelsson og Sara María Davíðsdóttir	Torfum	Norðausturdeild
60089	Árni Sigurlaugsson og Guðrún Jónsdóttir	Villingadal	Norðausturdeild
60141	Félagsbúið Hallandi ehf.	Hallandi 1	Norðausturdeild
60148	Guðmundur Gylfi Halldórsson	Breiðabólí	Norðausturdeild
60516	Karl Ingi Atlason	Hóli	Norðausturdeild
60613	Félagsbúið Böðvarsnesi	Böðvarsnesi	Norðausturdeild
60615	Karl Björnsson	Veisu	Norðausturdeild
68034	Vogabú ehf.	Vogum	Norðausturdeild
68234	Sveinbjörn Þór Sigurðsson	Búvöllum	Norðausturdeild
68540	Félagsbúið Hraunkoti	Hraunkoti	Norðausturdeild
68596	Félagsbúið Laxamýri	Laxamýri	Norðausturdeild

Fjöldi:

42

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar:

Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins.

Mörk fyrir 1. flokk A eru þau að beint meðaltal líftölu sé jafnt eða minna en 20 þúsund en einnig að engin einstök mæling fari yfir 40 þúsund, faldmeðaltal mánaðarins á árum sé undir 200 þúsund, að engar lyfjaleifar finnist í mánuðinum og faldmeðaltal frírra fitusýra sé jafnt eða minna en 0,9 mmol/l.



Verðlaunahafi í Vestur-Skaftafellsdeild ásamt stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Auðhumla.

Mjólkursamsalan ehf. 2018



Aftari röð f.v.: Ari Edwald, Björgvin R. Gunnarsson, Laufey Bjarnadóttir, Ásvaldur Æ. Þormóðsson, Sigurjón Rúnar Rafnsson, Þórólfur Gíslason og Jóhanna Hreinsdóttir. Fremri röð f.v.: Þórunn Andrésdóttir, Egill Sigurðsson, Ágúst Guðjónsson og Elín M. Stefánsdóttir.

Stjórn Mjólkursamsölnnar skipa

Aðalmenn

Elín Margrét Stefánsdóttir formaður
Þórólfur Gíslason varaformaður
Þórunn Andrésdóttir meðstjórnandi
Egill Sigurðsson meðstjórnandi
Ágúst Guðjónsson meðstjórnandi

Varamenn

Jóhanna Hreinsdóttir
Björgvin Gunnarsson
Ásvaldur Þormóðsson
Sigurjón Rúnar Rafnsson

Forstjóri

Ari Edwald

Endurskoðendur

Deloitte ehf.
Benóní Torfi Eggertsson
Ásbjörn Guðmundsson

Rekstur

Tekjur innanlands voru áætlaðar 24.645 milljónir króna fyrir árið 2018 en raunsala endaði í 24.580 milljónum, vantaði því aðeins 65 milljónir upp á áætlun, eða 0,3%. Tekjuaukning frá árinu 2017 var 700 milljónir króna, eða um 3%. Seld voru 2.345 tonn af viðbiti, 6.255 tonn af ostum og 1.190 tonn af dufti. Einnig voru seldir 42 milljónir lítra af ferskvörum.

Árið 2018 var 273 milljóna króna tap af rekstri Mjólkursamsölnnar þegar tekið hafði verið tillit til skatta og sektar Samkeppniseftirlitsins upp á 440 milljónir króna. Að henni frátalinni var 167 milljóna króna hagnaður af rekstri félagsins eftir skatt og hafði batnað um 406 milljónir króna frá fyrra ári. Skýrist það m.a. af verðhækkun sem varð 3. september, hlutafjárhækkun í árslok 2017 og yfirfærslu fasteigna frá Auðhumla til Mjólkursamsölnnar, minni kaupum á mjólk á síðari hluta ársins og aðhaldsaðgerðum sem gripið var til á árinu. Á árinu 2018 kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm í máli Samkeppniseftirlitsins gegn Mjólkursamsölnni og dæmdi félagið til að greiða 440 milljónir króna í sekt í ríkissjóð. Þessum dómi hefur verið áfrýjað til Landsdóms en þar liggur niðurstaða ekki fyrir.

Á síðasta ári seldi Mjólkursamsalan og samstarfsaðilar um 18.600 tonn af skyri en það jafngildir um 110 milljón dósum. Þetta er aukning í magni um rúm 10%

frá síðasta ári og 200% frá árinu 2012. Stærstu markaðir á síðasta ári voru Noregur, USA og Finnland. Á síðasta ári seldi MS sjálft um 5.500 tonn af skyri á erlendum mörkuðum. Skyr var selt til Bretlands, Írlands, Möltu, Sviss, Belgíu, Lúxemborgar, Færeyja og Ítalíu. Frá Íslandi voru flutt um 1.500 tonn og hjá These voru framleidd um 4.000 tonn. Samstarfsaðilar okkar í Rússlandi, Noregi, USA og Danmörku, sem eru með BL-samninga við okkur, seldu um 10.500 tonn á síðasta ári.

Seinni partinn á árinu 2019 er síðan stefnt að því að samstarfsaðilar okkar í Ástralíu/Nýja-Sjálandi og Japan muni hefja framleiðslu og sölu á Ísey skyri.

Heildareignir Mjólkursamsölnnar eru 15.350 milljónir króna í árslok 2018 og eigið fé 6.409 milljónir króna sem samsvara 41,7% eiginfjárlutfalli.


Stöðugildi á árinu 2018 voru 448 og fækkaði um 1% milli ára. Starfsemin fer fram á sex starfsstöðum um allt land.

Hagræðing hjá félaginu undangengin ár hefur byggt á vinnu, þolinmæði, frumkvæði og þátttöku alls starfsfólks sem það verðskuldar þakkar fyrir.


Tölulegar upplýsingar




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2018 umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2018 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2018 umreiknuð í lítra m.v. fitu



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2018 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Mjólkurinnlegg hjá Auðhumla

Árið 2018	Árið 2017	Breyting 2018-2017	
		Lítrar	Hlutfall
11.875.634	11.164.658	710.976	6,37%
11.108.768	10.512.725	596.043	5,67%
12.502.347	11.999.756	502.591	4,19%
12.372.138	11.240.950	1.131.188	10,06%
12.970.600	12.870.514	100.086	0,78%
12.241.076	12.001.456	239.620	2,00%
11.815.657	11.517.748	297.909	2,59%
11.109.045	11.264.785	-155.740	-1,38%
9.689.791	10.424.194	-734.403	-7,05%
10.419.281	10.586.683	-167.402	-1,58%
9.911.296	10.524.043	-612.747	-5,82%
10.485.976	11.413.374	-927.398	-8,13%
136.501.609	135.520.886	980.723	0,72%

Heildarmjólkurinnlegg á landinu

Árið 2018	Árið 2017	Breyting 2018-2017	
		Lítrar	Hlutfall
13.235.681	12.445.505	790.176	6,35%
12.366.313	11.712.498	653.815	5,58%
13.899.533	13.351.630	547.903	4,10%
13.750.690	12.484.747	1.265.943	10,14%
14.478.073	14.349.703	128.370	0,89%
13.657.614	13.375.239	282.375	2,11%
13.217.796	12.887.408	330.388	2,56%
12.438.053	12.584.795	-146.742	-1,17%
10.893.869	11.665.409	-771.540	-6,61%
11.651.920	11.821.509	-169.589	-1,43%
11.077.214	11.708.456	-631.242	-5,39%
11.742.224	12.729.966	-987.742	-7,76%
152.408.980	151.116.865	1.292.115	0,86%

Tölulegar upplýsingar



Fjöldi innleggjenda í deildum 2018 og 2017

Nafn deildar	31.12. 2018	31.12. 2017	Mismunur
Austurlandsdeild	21	22	-1
Austur-Skaftafellsdeild	8	9	-1
	29	31	
Vestur-Skaftafellsdeild	26	26	0
Eyjafjalladeild	20	21	-1
Landeyjadeild	27	29	-2
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	16	17	-1
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild	18	20	-2
Uppsveitadeild	67	69	-2
Flóa- og Ölfusdeild	36	36	0
	210	218	
Hvalfjarðardeild	20	20	0
Borgarfjarðardeild	16	16	0
Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild	39	40	-1
	75	76	
Breiðafjarðardeild	27	29	-2
Vestur-Húnaþingsdeild	19	19	0
Austur-Húnaþingsdeild	27	27	0
Norðausturdeild	129	134	-5
	175	180	
Alls Auðhumla	516	534	-18

Fjöldi kúabúa með innlegg á árinu og/eða greiðslumark í lok árs

	Fjöldi innleggjenda		2018						2017					
			Greiðslumark á kúabú í þús. lítrum						Greiðslumark á kúabú í þús. lítrum					
	2018	2017	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú
Austur- og Suð-Austurland	31	34	4	3	9	4	11	287.747	4	3	11	6	10	260.592
Suður-og Vesturland	297	307	14	27	85	84	90	248.045	15	22	113	86	71	232.540
Dalir og Vestfirðir	29	30	1	5	11	8	4	191.839	1	8	10	8	3	173.561
Húnaþing	48	48	2	6	22	10	8	180.774	4	6	20	15	3	167.983
Norðurland	132	140	6	11	31	30	54	279.145	9	17	26	36	52	261.334
Auðhumla	537	559	27	52	158	136	167	250.869	33	56	180	151	139	232.749

Tölulegar upplýsingar




Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

Heiti deildar	Meðalfita	Meðalfita	Meðalprótein	Meðalprótein
	2018	2017	2018	2017
Austurlandsdeild	4,14	4,05	3,34	3,27
Austur-Skaftafellsdeild	4,17	4,21	3,30	3,21
Vestur-Skaftafellsdeild	4,18	4,11	3,31	3,28
Eyjafjalladeild	4,16	4,15	3,30	3,28
Landeyjadeild	4,17	4,11	3,28	3,28
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	4,22	4,15	3,29	3,28
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	4,17	4,11	3,33	3,31
Uppsveitadeild	4,20	4,14	3,29	3,26
Flóa- og Ölfusdeild	4,20	4,14	3,30	3,27
Hvalfjarðardeild	4,14	4,10	3,26	3,25
Borgarfjarðardeild	4,19	4,14	3,32	3,25
Snæfellsnes- og Mýradeild	4,18	4,11	3,27	3,22
Breiðfjarðardeild	4,16	4,10	3,30	3,25
Vestur-Húnaþingsdeild	4,12	4,13	3,30	3,24
Austur-Húnaþingsdeild	4,15	4,05	3,34	3,28
Norðausturdeild	4,18	4,10	3,37	3,32
Auðhumla	4,18	4,12	3,32	3,28

Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2018 AH og KS

Afurðastöðvar	Framleitt innan gr.marks	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
Auðhumla svf.	129.347.781	7.153.828	136.501.609
Mjólkursamlag KS	15.485.260	330.017	15.815.277
Heimavinnsla	92.094		92.094
Samtals Auðhumla og KS	144.925.135	7.483.845	152.408.980

Heimild: Búnaðarstofa og aðildarfélag SAM



Ársreikningur samstæðu 2018

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Auðhumlu svf. fyrir árið 2018. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2018, efnahag hennar 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Auðhumlu svf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela ófjárhagslegar upplýsingar í viðauka með ársreikning sem við fengum fyrir áritunardag og ársskýrslu Auðhumlu svf. að undanskildum samstæðuársreikningnum og áritun okkar á hann, sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritunardag.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar

upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggð á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ef við komumst að því að það séu verulegar skekkjur í ársskýrslu Auðhumlu svf. þegar við lesum hana eftir áritunardag ber okkur skylda að greina frá því.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Auðhumlu svf. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðu-reikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggist á faglegri dómgreind og beitung við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir, sem notaðar eru, og tengdar skýringar séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggist á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrgir fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum einir ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tíma-setningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni ef við á.

Kópavogur, 3. apríl 2019

Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Ásbjörn Guðmundsson
endurskoðandi

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumla svf., höfum farið yfir samstæðuársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykkt félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kjörnir skoðunarmenn

Hannes Ólafsson

Eiríkur Jónsson

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Auðhumla svf. er samvinnufélag og tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, breyta henni í söluhæfa vöru, dreifa henni og selja fyrir sem best verð. Félaginu er heimilt að reka aðra starfsemi sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila.

Ársreikningur samstæðu Auðhumlu svf. fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2018.

Auðhumla svf. er í eigu mjólkurframleiðenda á félagssvæði sínu. Félagið er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög. Stjórn félagsins er skipuð 7 aðalmönnum og eru það 4 karlar og 3 konur. Varamenn eru 3, 1 karl og 2 konur.

Á miðju ári 2016 lagði Samkeppniseftirlitið sekt á dótturfélag félagsins að fjárhæð kr. 440.000.000 vegna meintra brota á samkeppnislögum og kr. 40.000.000 vegna ásakana um að félagið hefði leynt gögnum. Dótturfélagið áfrýjaði úrskurði Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem snéri við úrskurði Samkeppniseftirlitsins um meint brot á samkeppnislögum og felldi niður sektina sem sneri að því máli. Samkeppniseftirlitið áfrýjaði úrskurði áfrýjunarnefndar til héraðsdóms Reykjavíkur sem felldi dóm í málinu í júlí 2018 og lagði kr. 440.000.000 sekt á dótturfélagið. Þessum dómi hefur verið áfrýjað til Landsréttar en í árslok liggur endanleg niðurstaða þessa máls ekki fyrir.

Á síðari hluta ársins færðist mjólkurframleiðsla í landinu nær þörfum innanlandsmarkaðarins og í septemberbyrjun samþykkti Verðlagnsnefnd búvara hækkun á heildsöluverði mjólkurvaru eftir langa verðstöðvun. Þetta tvennt hefur leitt til þess að afkoma samstæðunnar hefur batnað.

Eftir lok reikningsársins, eða í janúar 2019, juku eigendur í Mjólkursamsöslunni ehf., dótturfélagi Auðhumlu svf., við hlutafé félagsins um einn milljarð króna. Hlutur móðurfélagsins í þessari aukningu var kr. 490.000.000 og er eignarhlutur móðurfélagsins eftir þessa aukningu í dótturfélaginu 85%.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap ársins 409,9 milljónum króna. Eigið fé samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi er í árslok 10.651 milljónir króna en var í ársbyrjun 11.207 milljónir króna. Á árinu störfuðu að meðaltali 457 starfsmenn hjá fyrirtækinu og dótturfélögum þess og námu heildarlaunagreiðslur 3.546 milljónum króna.

Inneign í stofnsjóði í árslok nemur kr. 2.006.608.075 og skiptist á milli 577 aðila en í upphafi árs á milli 594 aðila. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur kr. 49.045.249. Úr stofnsjóði voru greiddar kr. 205.443.453.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að reiknaðir verði 3,4% vextir á höfuðstól stofnsjóðs miðað við stöðu hans í árslok 2018 og að tap meirihlutaeigenda á árinu, kr. 382.861.107, verði fært til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Umfjöllun um ófjárhagslega upplýsingagjöf er í viðauka við ársreikning félagsins.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Auðhumlu svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Auðhumlu svf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. apríl 2019

Í stjórn

Ágúst Guðjónsson
stjórnarformaður

Ástvaldur Þormóðsson

Egill Sigurðsson

Jóhanna Hreinsdóttir

Björgvin R. Gunnarsson

Elín M. Stefánsdóttir

Þórunn Andrésdóttir

Framkvæmdastjóri

Garðar Eiríksson

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur		30.314.587	29.472.070
Aðrar tekjur		1.160.131	1.061.294
Kostnaðarverð seldra vara		(22.458.511)	(22.166.728)
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(4.485.007)	(4.293.487)
Annar rekstrarkostnaður		(3.125.065)	(3.095.870)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		1.406.134	977.279
Afskriftir	7	(1.044.485)	(876.395)
Rekstrarhagnaður		361.649	100.884
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага		(21.579)	1.298
Fjármunatekjur	4	25.211	41.159
Fjármagnsgjöld	5	(376.561)	(326.681)
Tap fyrir skatta		(11.280)	(183.340)
Tekjuskattur	6	41.299	28.198
Hagnaður, (tap) af reglulegri starfsemi		30.019	(155.142)
Stjórnvaldssekt	22	(440.000)	0
Tap ársins		(409.981)	(155.142)
Skipting afkomu			
Tap minnihlutaeigenda		(27.120)	(23.691)
Tap Auðhumlu svf.		(382.861)	(131.451)

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	14.122.978	13.967.627
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	8	137.264	114.521
Eignarhlutar í öðrum félögum	9	357.830	339.713
Skuldabréfaeign	10	25.626	33.548
		14.643.698	14.455.409
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	11	3.338.372	3.216.848
Viðskiptakröfur	12	2.553.356	2.372.152
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar	10	25.565	38.552
Aðrar skammtímakröfur	12	241.212	226.317
Handbært fé	12	236.731	199.092
		6.395.235	6.052.961
Eignir		21.038.934	20.508.370

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé			
Stofnsjóður		2.006.608	2.109.864
Sérstakur endurmatsreikningur		3.766.101	3.855.292
Bundinn hlutdeildarreikningur		66.905	6.345
Lögbundinn varasjóður		294.240	294.240
Óráðstafað eigið fé		3.879.223	4.276.076
Eigið fé meirihlutaeigenda		10.013.077	10.541.817
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga		637.696	664.816
Eigið fé		10.650.773	11.206.632
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	14	3.858.807	3.075.537
Aðrar langtímaskuldir	14	104.586	132.485
Fjármögnunarleigusamningar	15	683.923	778.445
Lífeyrisskuldbinding	16	317.591	291.561
Tekjuskattsskuldbinding	17	983.089	741.716
		5.947.996	5.019.743
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	18	2.245.895	2.375.989
Skuldir við lánastofnanir	18	1.025.479	473.980
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	590.505	508.031
Ógreiddir reiknaðir skattar	6	14.089	306.720
Skuldir við erlenda birgja vegna fjárfestinga	18	0	39.424
Aðrar skammtímaskuldir	18	564.196	577.851
		4.440.164	4.281.995
Skuldir		10.388.161	9.301.738
Eigið fé og skuldir		21.038.934	20.508.370

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		361.649	100.884
Afskriftir	7	1.044.485	876.395
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(5.284)	(26.397)
Niðurfærsla og afskriftir skuldabréfaeignar, breyting		0	(842)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	16	26.031	2.558
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta			
Vörubirgðir, (hækkun)	11	1.426.880	952.598
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun)		(121.524)	(41.736)
Aðrar rekstrartengdar skuldir, (lækkun)		(165.007)	(94.562)
Rekstrartengdar skuldir, (lækkun) hækkun		(167.038)	393.179
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta			
Innborgaðir vextir og arður		973.311	1.209.479
Greiddir vextir		19.671	48.352
Greidd stjórnvaldssekt	22	(369.428)	(308.843)
		(440.000)	0
Handbært fé frá rekstri			
		183.554	948.988
Fjárfestingarhreyfingar			
(Keyptir)/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	7/19	(1.033.511)	(1.642.097)
Keyptir eignarhlutir í félögum	8/9	(62.440)	(35.325)
Skuldabréfaeign, verðbréfaeign og önnur félög, breyting		27.758	82.271
		(1.068.193)	(1.595.151)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við lánastofnanir hækkun, (lækkun)		551.499	(2.339.860)
Nýjar langtímaskuldir		1.081.181	2.834.528
Afborganir langtímaskulda		(571.843)	(485.400)
Innborgað minnihlutaeigandi		0	230.000
Inntökugjöld		561	406
Tillag í stofnsjóð		49.045	47.533
Útborgun úr stofnsjóði		(205.443)	(299.475)
		904.999	(12.267)
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		20.361	(658.430)
Handbært fé í upphafi árs		199.092	848.674
Gengismunur erlendra innstæðna		17.278	8.848
Handbært fé í lok árs		236.731	199.092
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri	25	913.797	359.914

Yfirlit um eigið fé ársins 2018

	Stofnsjóður	Lögbundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar-reikningur	Sérstakur endurmats-reikningur	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2017	2.339.481	294.240	1.656	0	4.411.890	458.507	7.505.774
Innborgun minnihluta						230.000	230.000
Sérstakt endurmat				3.855.292			3.855.292
Tillag í stofnsjóð	47.533						47.533
Útborgun úr stofnsjóði	(277.151)						(277.151)
Inntökugjöld					406		406
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta o.fl.					(81)		(81)
Hlutdeild í afkomu færð á bundið eigið fé			4.688		(4.688)		0
Tap ársins					(131.451)	(23.691)	(155.142)
Eigið fé 1.1.2018	2.109.864	294.240	6.345	3.855.292	4.276.076	664.816	11.206.632
Afskrift endurmats				(89.191)	89.191		0
Tillag í stofnsjóð	49.045						49.045
Útborgun úr stofnsjóði	(205.443)						(205.443)
Inntökugjöld	3.350				(2.789)		561
Vextir af stofnsjóði	49.793				(49.793)		0
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta o.fl.					9.959		9.959
Hlutdeild í afkomu færð á bundið eigið fé			60.560		(60.560)		0
Tap ársins					(382.861)	(27.120)	(409.981)
Eigið fé 31.12.2018	2.006.608	294.240	66.905	3.766.101	3.879.223	637.696	10.650.773

Skýringar

1. Starfsemi

Auðhumla svf. er samvinnufélag í eigu mjólkurframleiðenda á félagssvæði sínu. Félagið er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, breyta henni í söluhæfa vöru, dreifa henni og selja fyrir sem best verð. Þá er félaginu heimilt að reka aðra starfsemi sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Auðhumla svf. fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að ákveðnir fasta-fjármunir og verðbréf eru færð á gangvirði. Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Á þetta sérstaklega við um mat á varanlegum rekstrarfjármunum, birgðum, skuldabréfaeignum og viðskiptakröfum, samanber skýringar númer 7, 10, 11 og 12.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Ársreikningurinn er samstæðureikningur Auðhumla svf. og dótturfélaga. Þau eru Mjólkursamsalan ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík, sem er í 90,1% eigu félagsins, og Bitruháls ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík sem er í 100% eigu Auðhumla. Þessi félög hafa bæði starfsemi með höndum. Þá nær reikningurinn til Osta- og smjör-sölnunar ehf., Mjólkurbús Flóamanna ehf. og Norðurmjólkur ehf. sem eru öll með aðsetur að Austurvegi 64, Selfossi. Þessi félög eru ekki í rekstri en í 100% eigu Auðhumla svf. Einnig nær samstæðureikningurinn til Íseyjar útflutnings ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík sem er dótturfélag í 100% eigu Mjólkursamsölnunar ehf.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki, sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100%, er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á

kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keypra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að sölu-degi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Eignarhlutar í öðrum félögum

Eignarhlutar í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni að undanskildum eignarhluta í sameignarfélögum sem eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Auðhumla svf. á 89,69% eignarhlut í Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf. sem er sameignarfélag með ótakmarkaða ábyrgð eiganda. Eignarhlutur félagsins er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð. Tilgangur Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf. er ekki rekstrarlegur heldur félagslegur og þess vegna er eignarhluturinn flokkaður undir eignarhlutum í öðrum félögum.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá samstæðunni.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir hinu selda hefur verið flutt yfir til viðskiptavinar. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþröskul.

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum og arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samnings-skilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagar af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigu-samningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Skýringar

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur, sem myndast, er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2018	2017	31.12.2018	31.12.2017
Evra (EUR)	127,73	120,54	133,60	125,40
Bandaríkjadalur (USD)	108,38	106,78	116,61	104,67
Sterlingspund (GBP)	144,35	137,45	148,69	141,32
Dönsk króna (DKK)	17,14	16,20	17,89	16,85
Norsk króna (NOK)	13,31	12,93	13,44	12,77
Sænsk króna (SEK)	12,46	12,52	13,06	12,75
Svissneskur franki (CHF)	110,72	108,43	118,56	107,37
Japanskt jen (JPY)	0,9801	0,9514	1,0601	0,9305

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annaðhvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir að frádregnum afskriftum og virðisrýmun.

Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega. Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni

og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi og er færð í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnis-kostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölu-kostnaði.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga, eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingarverðbréf. Fjárfestingarverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingarverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skýringar

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun
Lífeyrissjóður
Önnur launatengd gjöld
Annar starfsmannakostnaður

Meðalfjöldi starfa

Heildarlaun og þóknar til stjórnar og stjórnenda samstæðunnar á árinu 2018 námu 196,8 milljónum króna en námu 176,2 milljónum króna á árinu 2017.

4. Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankareikningum
Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign
Arður af hlutabréfaeign
Gengishagnaður
Hagnaður og breyting niðurfærslu fjárfestingarverðbréfa
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum
Aðrar vaxtatekjur

5. Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum
Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum
Gengistap
Önnur vaxtagjöld

	2018	2017
	2018	2017
	3.546.596	3.413.222
	434.186	369.444
	333.635	317.646
	170.590	193.174
	4.485.007	4.293.487
	457	452
	2018	2017
	1.130	7.464
	5.817	7.506
	244	275
	845	0
	0	5.667
	13.568	11.245
	3.606	9.000
	25.211	41.159
	2018	2017
	(36.062)	(88.965)
	(253.723)	(142.282)
	(68.976)	(77.648)
	(7.264)	(2.471)
	(10.535)	(15.315)
	(376.561)	(326.681)

Skýringar

6. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 41,3 milljónum króna (2017: 28,2 millj.kr.).

Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2019 nemur 14 milljónum króna (2018: 306,7 milljónum króna).

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2018		2017	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Tap fyrir skatta	(451.280)		(183.340)	
Skatthlutfall	(90.256)	20,0%	(36.668)	20,0%
Skattalegt tap dótturfélaga	0	0,0%	8.089	(4,4%)
Nýtt skattalegt tap vegna sameiningar	(43.422)	9,6%	0	0,0%
Ófrádráttarbær stjórnvaldssekt	88.000	(19,5%)	0	0,0%
Fenginn arður	(49)	0,0%	(55)	0,0%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	4.417	(1,0%)	426	(0,2%)
Aðrir liðir	10	(0,0%)	10	(0,0%)
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	(41.300)	(9,2%)	(28.198)	15,4%

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Verksmiðju- vélar og tæki	Bifreiðir og flutningstæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun 2017	7.415.010	12.699.828	1.785.520	21.900.357
Sérstakt endurmat	4.819.115	0	0	4.819.115
Eignfært á árinu	59.840	1.448.828	305.883	1.814.552
Selt og aflagt á árinu	0	(109.540)	(125.372)	(234.912)
Staða í ársbyrjun 2018	12.293.965	14.039.116	1.966.031	28.299.112
Eignfært á árinu	48.115	858.201	323.972	1.230.287
Selt og aflagt á árinu	0	(24.716)	(99.584)	(124.300)
Staða í árslok 2018	12.342.079	14.872.601	2.190.420	29.405.100
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun 2017	5.168.059	7.458.149	1.044.351	13.670.559
Afskrift ársins	103.805	598.169	174.421	876.395
Selt og aflagt á árinu	0	(108.906)	(106.563)	(215.469)
Staða í ársbyrjun 2018	5.271.864	7.947.412	1.112.209	14.331.485
Afskrift ársins	175.412	679.461	189.612	1.044.485
Selt og aflagt á árinu	0	(24.276)	(69.573)	(93.848)
Staða í árslok 2018	5.447.275	8.602.598	1.232.249	15.282.122
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun 2017	2.246.951	5.241.678	741.169	8.229.798
Bókfært verð í ársbyrjun 2018	7.022.101	6.091.704	853.822	13.967.627
Bókfært verð í árslok 2018	6.894.804	6.270.003	958.171	14.122.978

Áætlaðar meðaleftirstöðvar eigna 44 ár 17 ár 9 ár

Samtæðan hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í árslok nemur bókfært verð veðsettra eigna 3.393 milljónum kr. (2017: 1.150 millj.kr.) og eftirstöðvar áhvilandi lána nema 4.041 millj.kr. (2017: 3.193 millj.kr.).

Í desember 2017 voru fasteignir samstæðunnar endurmetnar sbr. 31. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Við endurmatið var stuðst við mat óháðs fasteignasala og leiddi mat hans til þess að bókfært verð fasteigna hækkaði úr 2.126 milljónum króna í 6.945 milljónir króna. Mótfærsla endurmatsins fór annars vegar á endurmatsreikning 3.855 milljónir króna og hins vegar á tekjuskattsskuldbindingu 964 milljónir króna.

Stjórnendur hafa lagt mat á virði fasteigna í árslok 2018 og stuðst við mat óháðs fasteignasala. Ekki þykir tilefni til þess að breyta matinu í árslok 2018.

Upplýsingar um endurmetnar fasteignir í árslok:

Endurmetið bókfært verð	31.12.2018
Par af áhrif sérstaks endurmats	6.894.804
Bókfært verð án áhrifa endurmats	(4.707.626)
	2.187.178

Fasteignamat og vátryggingamat eigna í árslok greinist þannig:	Fasteignamat 2018	Vátryggingamat 2018	Fasteignamat 2017	Vátryggingamat 2017
Fasteignir og lóðir	9.104.900	17.007.047	7.582.225	15.637.150
Vélar og tæki, eignatryggingar		20.330.933		19.338.432
Rekstrarstöðvunartrygging		7.529.438		9.509.392

Skýringar

8. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð	
			31.12.2018	31.12.2017
Heilsuprótein ehf.	50,00%	120.250	137.264	114.521
			137.264	114.521
			2018	2017
Staða í ársbyrjun			114.521	81.649
Keypt á árinu			44.830	35.000
Hlutdeild í afkomu			(22.087)	(2.128)
Staða í árslok			137.264	114.521

9. Eignarhlutar í öðrum félögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð	
			31.12.2018	31.12.2017
Sameignarfélög með ótakmarkaða ábyrgð eigenda				
Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf.	89,69%		10.615	10.108
Hlutafélög og einkahlutafélög				
Fóðurblandan hf.	15,72%	147.054	306.179	306.179
Ámundakinn ehf.	6,60%	11.500	18.119	18.119
Greið leið ehf.	0,32%	900	1.000	1.000
Vottunarstofan Tún ehf.	5,40%	500	500	500
Norðurvegur ehf.	2,66%	450	0	0
Matgæði ehf.	0,04%	150	150	150
Selasetur Íslands ehf.	1,50%	50	0	0
Icelandic Provisions Inc	17,00%	486	18.096	486
Ísey Skyrbar ehf.	31,01%	225	225	225
Samvinnuhlutabréf				
Sláturfélag Suðurlands svf. B-deild	1,04%	2.080	2.080	2.080
Kaupfélag Árnesinga svf. B-deild	3,98%	4.100	820	820
Annað				
Stofnsjóður Samvinnutrygginga	Óveruleg		46	46
			357.830	339.713

Skýringar

10. Skuldabréfaeign

Verðtryggt bréf, vagnir vextir: 4,30%
Óverðtryggt bréf, vagnir vextir: 6,95%
Niðurfærsla vegna skuldabréfaeigna sem kunna að tapast
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar

31.12.2018	31.12.2017
52.908	78.287
19.283	18.813
72.191	97.101
(21.000)	(25.000)
51.191	72.101
(25.565)	(38.552)
25.626	33.548

Afborganir skuldabréfaeignar

Afborganir 2019/2018
Afborganir 2020/2019
Afborganir 2021/2020
Afborganir 2022/2021
Afborganir 2023/2022
Afborganir síðar

2018	2017
25.565	38.552
12.045	14.544
4.479	5.524
2.829	3.325
2.829	1.739
3.444	8.416
51.191	72.101

11. Vörubirgðir

Fullunnar vörur
Hráefni
Umbúðir
Aðrar vörur
Tryggingaverðmæti birgða

31.12.2018	31.12.2017
2.492.190	2.401.631
168.305	184.378
483.357	453.218
194.520	177.621
3.338.372	3.216.848
5.076.000	4.814.199

Á birgðum og viðskiptakröfum hvíla samhlíða veð að fjárhæð 8.784,8 milljónir króna (2017: 8.765 millj.kr.) vegna skammtímaskulda við lánastofnanir að fjárhæð 316 milljónir króna (2017: 446 millj.kr.) og langtímaskulda við lánastofnanir að fjárhæð 2.780,7 milljónir króna (2017: 2.856 millj.kr.).

Skýringar

12. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Innlendar viðskiptakröfur	2.327.318	2.200.690
Erlendar viðskiptakröfur	318.538	241.912
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(92.500)	(70.450)
	2.553.356	2.372.152

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:

	2018	2017
Staða í ársbyrjun	70.450	63.450
Tapaðar kröfur á árinu 2018/2017	(35.603)	(9.020)
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	57.653	16.020
Staða í árslok	92.500	70.450

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Virðisaukaskattur	152.802	142.594
Virðisaukaskattur vegna viðskipta í Danmörku	31.846	28.485
Fjármagnstekjuskattur	3.053	5.207
Vörslureikningur vegna bankatryggingar	53.104	49.536
Aðrar kröfur	407	495
	241.212	226.317

Meðal skammtímakrafna er vörslureikningur að upphæð 53,1 milljón króna vegna bankatryggingar sem dótturfélag Auðhumla svf. þurfti að leggja fram vegna málaferla um einkaleyfi á skyrnafninu í Finnlandi. Niðurstaða málsins liggur ekki fyrir á reikningskiladegi en tapist málið mun þurfa að gjaldfæra þessa upphæð.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2018	31.12.2017
Bankainnstæður í íslenskum krónum	47.637	18.713
Bankainnstæður í erlendri mynt	189.041	180.103
Sjóður	53	276
	236.731	199.092

Skýringar

13. Fjárfestingarverðbréf

	2018	2017
Staða í ársbyrjun	0	10.024
Innborgað á árinu	0	(29.518)
Niðurfærsla verðbréfaeignar, breyting	0	13.500
Verðbreytingar og söluhagnaður	0	5.994
	0	0
Yfirfært á fastafjármuni	0	0
Staða í árslok á meðal veltufjármuna	0	0

14. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir		Aðrar langtímaskuldir	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Skuldir í EUR	0	0	136.638	149.634
Skuldir í SEK	0	0	5.830	11.385
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	3.736.285	2.855.729	0	0
Skuldir í ISK, verðtryggðar	304.393	337.764	0	0
	4.040.677	3.193.493	142.469	161.019
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(181.871)	(117.956)	(37.883)	(28.534)
Langtímaskuldir í árslok	3.858.807	3.075.537	104.586	132.485

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir		Aðrar langtímaskuldir	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Næsta árs afborganir	181.871	117.956	37.883	28.534
Afborganir 2020/2019	2.745.456	114.012	23.729	23.370
Afborganir 2021/2020	128.069	2.678.338	80.857	23.959
Afborganir 2022/2021	85.204	60.929	0	85.156
Afborganir 2023/2022	86.133	18.040	0	0
Afborganir síðar	813.945	204.218	0	0
	4.040.677	3.193.493	142.469	161.019

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2018	31.12.2017
Skuldir við lánastofnanir, óverðtryggðar	5,96%	6,16%
Skuldir við lánastofnanir, verðtryggðar	4,84%	4,77%
Aðrar langtímaskuldir, erlendar	2,28%	2,07%

Dótturfélag Auðhumlu endurfjármagnaði skuldir við lánastofnanir og undirritaði veltilánssamning að hámarksfjárhæð 2,6 milljarðar með lokagjaldþaga 1. apríl 2020. Samkvæmt ákvæðum samningsins skulu lánshlutar hins vegar vera endurgreiddir á gjaldþaga, fyrst þann 2. ágúst 2017. Á gjaldþaga lánshluta er lántaka heimilt að óska eftir framlengingu þeirra. Hver framlenging skal vera til eins eða þriggja mánaða innan gildistíma samningsins. Stjórnendur hafa óskað eftir framlengingu lánshluta og hyggjast gera það út lánstímann. Því er lánssamningurinn flokkaður sem langtímaskuld með gjaldþaga árið 2020.

Skýringar

15. Fjármögnunarleigusamningar

	Ógjaldfallnar leigugreiðslur		Núvirtar eftirstöðvar	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Greiðslur á næsta reikningsári	423.809	414.864	370.752	361.541
Greiðslur á öðru reikningsári og síðar	743.140	841.780	683.923	778.445
	1.166.948	1.256.644	1.054.675	1.139.986
Framtíðarvaxtagjöld	(112.273)	(116.659)		
Núvirtar eftirstöðvar	1.054.675	1.139.986		

16. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna fyrrverandi starfsmanna félagsins. Miðað við 3,5% vexti er núvirði lífeyrisskuldbindingarinnar 317 milljón króna (2017: 291 millj.kr.) og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Hækkun skuldbindingar á árinu, 26 milljónir króna, er færð til hækkunar á gjöldum í rekstrarreikningi meðal launa og tengdra gjalda. Samkvæmt útreikningum á lífeyrisskuldbindingunni ná greiðslur á henni allt til ársins 2032.

17. Frestaður skattur

	Reiknuð skattinneign
Staða 1.1.2017	(113.128)
Samsköttun fyrra árs	399
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta og inntökugjalds	(81)
Endurmat fasteigna	(963.823)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2017	28.198
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2018	306.720
Staða 1.1.2018	(741.715)
Samsköttun fyrra árs	(306.720)
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta og inntökugjalds	9.959
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2018	41.300
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2019	14.089
Staða 31.12.2018	(983.088)

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2018	31.12.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir	(1.093.024)	(1.184.368)
Fjárfestingarverðbréf	4.200	5.000
Skammtímaskuldir	0	35.473
Birgðir, viðskiptakröfur og gengismunur	(33.131)	(442)
Frestaðar tekjur	0	7.292
Lífeyrisskuldbinding	63.518	58.312
Áhrif af yfirfæranlegu tapi	75.348	337.017
	(983.089)	(741.716)

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

	31.12.2018	31.12.2017
Frá hagnaði árána 2019 - 2025 / 2018 - 2025	14.931	72.738
Frá hagnaði árána 2019 - 2027 / 2018 - 2027	3.015	1.612.347
Frá hagnaði árána 2019 - 2028	358.794	0
	376.740	1.685.085

Skýringar

18. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

Innlendar viðskiptaskuldir
Erlendar viðskiptaskuldir
Framleiðendur

31.12.2018	31.12.2017
1.014.546	1.106.838
205.022	222.115
1.026.327	1.047.036
2.245.895	2.375.989

Skuldir við lánastofnanir

Hlaupareikningslán
Skammtímalán við banka

31.12.2018	31.12.2017
585.479	473.980
440.000	0
1.025.479	473.980

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

Hlaupareikningslán

31.12. 2018	31. 12. 2017
5,94%	5,60%

Næsta árs afborganir langtímaskulda

Skuldir við lánastofnanir
Aðrar langtímaskuldir
Fjármögnunarleigusamningar

31.12.2018	31.12.2017
181.871	117.956
37.883	28.534
370.752	361.541
590.505	508.031

Skuldir við erlenda birgja vegna fjárfestinga

Aðrar skuldbindingar

31.12.2018	31.12.2017
0	39.424
0	39.424

Dótturfélag Auðhumla gerði á árinu 2017 skuldbindandi samninga við erlenda aðila um kaup á vélbúnaði fyrir vinnslustöðvar félagsins.

Aðrar skammtímaskuldir

Ógreitt áfallið orlof starfsmanna
Ógreidd laun og launatengd gjöld
Ógreiddir áfallnir vextir
Aðrar skuldir

31.12.2018	31.12.2017
295.368	324.269
228.075	194.523
21.024	31.613
19.729	27.447
564.196	577.851

Skýringar

19. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Dótturfélag Auðhumla gerði á árinu 2017 skuldbindandi samninga við erlenda aðila um kaup á vélbúnaði fyrir vinnslustöðvar félagsins. Hluti fjárfestinganna var eignfærður meðal varanlegra rekstrarfjármuna og færður til skuldar við erlenda birgja því fjárfestingin kom til greiðslu á árinu 2018. Á árinu voru eignfærð tæki sem fjármálastofnun lánaði fyrir til lengri tíma sem hefur ekki áhrif á handbært fé og er því ekki sýnd í sjóðstreymi. Í töflunni hér að neðan sjást hreyfingar án greiðsluáhrifa.

Hreyfingar án greiðsluáhrifa vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum

Skuldbindingar við erlenda birgja í upphafi árs, sbr. skýringu nr. 18	
Eignfærðir varanlegir rekstrarfjármunir, sbr. skýringu nr. 7	
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	
Langtímaskuld við fjármálastofnun	
Skuldbindingar við erlenda birgja í lok árs, sbr. skýringu nr. 18	
Greitt kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. yfirlit um sjóðstreymi	

2018	2017
(39.424)	(69.992)
(1.230.287)	(1.814.552)
35.736	45.840
200.464	157.184
0	39.424
(1.033.511)	(1.642.097)

20. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda félagsins á árinu 2018 nam 23,9 milljónum króna (2017: 25,4 millj.kr.), þar af 18,7 milljónir króna (2017: 19,9 millj.kr.) vegna endurskoðunar á ársreikningi samstæðu og ársreikningi dótturfélags. Önnur þóknun til Deloitte á Íslandi vegna vinnu fyrir samstæðuna nam 4,0 milljónum króna (2017: 4,0 millj.kr.) og 1,2 milljónum króna (2017: 1,5 millj.kr.) til Deloitte í Danmörku.

21. Ábyrgðir og önnur mál

Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess sem voru að eftirstöðvum 5.208,6 milljónir króna í árslok (2017: 3.828 millj.kr.).

22. Úrskurður Samkeppniseftirlitsins

Í september 2016 lagði Samkeppniseftirlitið 480 milljóna króna stjórnvaldssekt á dótturfélag Auðhumla svf. vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi þennan úrskurð úr gildi í desember 2016 og lækkaði sektargreiðsluna í 40 milljónir króna. Samkeppniseftirlitið áfrýjaði úrskurði áfrýjunarnefndar til héraðsdóms Reykjavíkur sem felldi dóm í málinu í júlí 2018 og lagði 440 milljóna króna sekt á félagið. Félagð áfrýjaði þeim dómi til Landsréttar og í árslok liggur endanleg niðurstaða þessa máls ekki fyrir.

23. Atburðir eftir reikningsskiladag

Þann 25. janúar síðastliðinn juku eigendur Mjólkursamsölnunar ehf. við hlutfélag félagsins um milljarð króna. Framlag Auðhumla var 490 milljónir sem var greidd með skuldajöfnun. Eftir þessa hlutfjárhækkun verður eignarhlutur Auðhumla í Mjólkursamsölnunni ehf. 85% og eignarhlutur Kaupfélags Skagfirðinga 15%.

24. Samþykki ársreiknings

Samstæðuársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 3. apríl 2019.

25. Sjóðstreymisýfirlit

	2018	2017	2016	2015	2014
(Tap), hagnaður ársins	(409.981)	(155.142)	363.728	(136.918)	435.159
Afskriftir	1.044.485	876.395	798.520	769.142	721.182
Reiknaðir fjármagnsliðir	(4.406)	(44)	9.287	(36.611)	(19.776)
Aðrar breytingar	283.698	(361.296)	(95.237)	(70.217)	81.018
Hreint veltufé frá rekstri	913.797	359.914	1.076.298	525.396	1.217.583
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum	(317.623)	(141.048)	(384.988)	(729.319)	(549.852)
Rekstrartengdum skuldum	(412.620)	730.122	114.629	341.913	101.132
Handbært fé frá rekstri	183.554	948.988	805.938	137.990	768.862

Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Um Auðhumlu

Auðhumla svf. er samvinnufélag í eigu um 600 mjólkurframleiðenda um land allt. Félagið er rekið á samvinnugrundvelli með takmarkaðri ábyrgð samkvæmt lögum um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Auðhumlu nær yfir allt Ísland að undanskildum Skagafirði. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er að taka við mjólk frá félagsmönnum og umbreyta í mjólkurafurðir sem seldar eru á markaði á Íslandi og erlendis. Þá er félaginu heimilt að reka hverja þá starfsemi sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsmenn þess. Félaginu er meðal annars heimilt að stofna dótturfélög um starfsemi sína. Jafnframt er félaginu heimilt að fela utanaðkomandi aðila hluta af verkefnum sínum. Tilgangi sínum hyggst félagið ná meðal annars með því að:

- Reka afurðastöðvar (mjólkurbú).
- Stunda öflugt og skilvirkt sölu- og markaðsstarf með framleiðsluvörur félagsins og aðrar vörur eftir því sem henta þykir.
- Vera aðili að Mjólkursamsölnunni ehf.
- Vera aðili að Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf.
- Leiðbeina félagsmönnum um meðferð mjólkur.
- Annast flutninga í eigin þarfir, fyrir félagsmenn og aðra.
- Annast rekstur og umsýslu fasteigna.
- Nýta þekkingu og aðstöðu félagsins til að skapa því aukinn arð af starfsemi innanlands sem utan.

Félagið er með höfuðstöðvar að Austurvegi 65, Selfossi.

Auðhumla er móðurfélag Mjólkursamsölnunnar ehf. með 90,1% eignarhlut. Mjólkursamsalan er rekstrarfélag mjólkuriðnaðarins á Íslandi og leiðandi fyrirtæki í matvælaíðnaði á Íslandi. Hlutverk félagsins er að taka við mjólk frá eigendum sínum og umbreyta í hollar og góðar mjólkurafurðir í takt við þarfir neytenda.

Umhverfismál

Félagið einsetur sér í allri starfsemi sinni, allt frá söfnun mjólkur frá framleiðendum til framleiðslu og dreifingar fullunninnar vöru til viðskiptavina, að starfa í sátt við umhverfi sitt og náttúru landsins hverju sinni. Með umhverfisstefnu sinni leitast félagið við að endurspegla umhverfisvæn sjónarmið í öllum skrefum virðis_keðjunnar og leggja þar með ríka áherslu á bestu umgengni okkar til verndar umhverfinu og náttúru landsins. Til að ná sem bestum árangri í umgengni við umhverfi og lífríki leggur félagið megináherslu á eftirtalda þætti sem tengjast umhverfisvernd með beinum hætti:

Loftslagsmál

Félagið leitast við að spara orku í starfsemi sinni en um leið að nota eins og kostur er umhverfisvæna orku sem framleidd er með sjálfbærum hætti.

Vatnsverndar- og frárennismál

Rekstur afurðastöðva í mjólkurvinnslu krefst mikillar vatnsnotkunar. Því er brýnt að hafa nægan aðgang að góðu og heilnæmu neysluvatni sem stenst allar kröfur sem til þess eru gerðar. Til að svo megi vera er því jafnnaðsynlegt að umgangast aðgengi okkar að neysluvatni sem auðlind sem við þurfum að gæta að og varðveita.

Umbúðir, aðfanganotkun og fastur úrgangur

Auk þess að reyna að lágmarka alla aðfanganotkun í starfsemiinni leggur félagið áherslu á: Að allar ytri umbúðir verði margnota þar sem því verður við komið. Að þær umbúðir, sem eru í beinni snertingu við vöruna og eru ekki endurnýtanlegar, verði framleiddar úr efnum sem eru endurnýtanleg. Þær umbúðir verði jafnframt framleiddar úr eins umhverfisvænum efnum og kostur er og efnisnotkun og samsetning þeirra þannig gerð að þær falli vel að sorpflokkun. Að allt það sorp, sem fellur til hjá starfsstöðvum félagsins og afhendist til endurvinnslustöðva, verði flokkað eftir þeim viðmiðum og reglum sem viðkomandi endurvinnslustöðvar vinna eftir hverju sinni. Rík áhersla verði lögð á sorpflokkun.

Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Gæða- og matvælaöryggi

Á félagið er lögð sú áhersla að það tryggi viðskiptavinum sínum aðgang að öruggum og heilnæmum matvælum. Í þeim tilgangi vinnur félagið með skipulögðum hætti að eftirfarandi áherslu- og starfsþáttum:

Mjólkurframleiðsla hjá kúabændum

Félagið grundvallar starfsemi sína á móttöku og vinnslu fyrsta flokks hráefnis sem ávallt er framleitt við bestu mögulegu aðstæður. Til viðbótar þeim opinberu kröfum, sem fram koma í lögum og reglum um aðstæður til framleiðslu matvæla, vinnur félagið skipulega að því að allir mjólkurframleiðendur, sem leggja inn mjólk hjá félaginu og samstarfsaðilum, uppfylli kröfur um öll þau viðmið og skilyrði sem ná yfir eftirtalda þætti í mjólkurframleiðslu á kúabúum: matvælaöryggi við framleiðslu, dýravelferð og umgengni og ásýnd kúabúa.

Úrvinnsla mjólkur og framleiðsla mjólkurvara

Við söfnun og móttöku mjólkur og úrvinnslu hennar við framleiðslu mjólkurvara er stefna félagsins að tryggja matvælaöryggi með því að uppfylla opinberar kröfur, lög og reglugerðir og styðjast ávallt við bestu framleiðslutækni og traustan framleiðslubúnað sem skilar hámarksgæðum og stuðlar að sem mestu framleiðsluöryggi. Gæðastjórnun félagsins er samstarfsverkefni alls starfsfólks fyrirtækisins og lögð er áhersla á hvatningu, þjálfun, gott upplýsingastreymi og að skapa góðan vinnustað.

Gæðaeftirlit og rannsóknir

Til að skapa góðan grundvöll að traustum starfsþáttum er reglubundið fylgst með hverjum þætti virðiskeðjunnar, allt frá mjólkurframleiðendum til fullunninnar vöru sem tilbúin er til afhendingar til neytenda. Til að ná þessum markmiðum tryggir félagið: Að til staðar sé vottað gæðakerfi í öllum starfsstöðvum félagsins og að það nái yfir alla virðiskeðjuna, allt frá hráefnismóttöku frá framleiðendum til innra eftirlits með framleiðslu mjólkurvara og til afhendingar fullunninnar vöru til viðskiptavina. Að í fyrirtækinu sé ávallt til staðar viðeigandi tækjabúnaður til nauðsynlegra mælinga og rannsókna. Að góð þekking starfsfólks sé til staðar

innan fyrirtækisins og reglubundin endurmenntun á sérsviði eftirlits og rannsókna fari fram.

Samfélagsleg ábyrgð

Með því að setja kröfur á birgja um gæði hráefnis samkvæmt gæðastefnu félagsins stuðlar það að dýravelferð þar sem gæði mjólkur byggjast á aðbúnaði og góðri umhirðu kúa. Að sama skapi hefur þetta einnig áhrif á matvælaöryggi.

Hollustustefna

Félagið, fyrirtæki í eigu kúabænda á Íslandi, einsetur sér að framleiða hollar og fjölbreyttar mjólkurvörur í takt við þarfir neytenda. Markmið félagsins eru þrjúþætt: Að styðja við heilbriggt lífferni neytenda. Að auka gagnsæi um hollustu og innihald vara. Að fjölga valkostum í mjólkurvörum og draga áfram úr sykri í bragðbættum mjólkurvörum.

Lýðheilsa og heilbrigði

Félagið tekur þátt í ýmsum verkefnum þar sem það hvetur til bættrar lýðheilsu og heilbrigði og er m.a. aðili að samstarfi við Beinverndarsamtökin og Íþróttakennarafélag Íslands. Einnig hefur félagið unnið með Landlæknisembættinu og birt skilaboð frá því á mjólkurfernum. Til viðbótar leggur félagið áherslu á að styðja við íþróttastarf og hvetja til hreyfingar og holls mataræðis.

Íslensk tunga

Félagið leggur áherslu á málrækt með því að styðja við íslenska tungu í markaðsstarfi fyrirtækisins. Félagið býður starfsfólki sínu af erlendum uppruna upp á íslenskukennslu svo það aðlagist samfélaginu betur og styður við verkefni sem efla íslenska tungu barna og unglinga. Félagið styður við íslenska ferðaþjónustu með því að fræða neytendur um íslenska náttúru á mjólkurfernum.

Frumkvöðlastarfsemi

Félagið stuðlar að því að efla íslenskt atvinnulíf með því að eiga í samstarfi við fjölmörg lítil frumkvöðlafyrirtæki.

Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Mannauður

Ein helsta auðlind félagsins er mannaúður þess og þekkingin og reynslan sem hann býr yfir. Til að hlúa að starfsfólki hefur félagið sett fram skýra mannaúðsstefnu. Vellíðan og öryggi starfsfólksins er félaginu hugleikin og því hefur félagið einnig markað sér stefnu um öryggi og vinnuvernd og um forvarnir gegn einelti og kynferðislegri áreitni.

Félagið styður við fjölbreytni í íslensku atvinnulífi með starfsfólk frá mörgum þjóðlöndum.

Mannauðs- og jafnréttisstefna

Mannauðs- og jafnréttisstefna félagsins lýsir hvernig fyrirtækið sér fyrir sér þróun mannaúðsmála hjá fyrirtækinu. Hún hefur þann tilgang að vísa félaginu veginn þannig að afstaða fyrirtækisins í mikilvægum málaflokkum tengdum starfsfólkinu sé skýr. Hún felur í sér ákveðin skilaboð til starfsmanna, stjórnenda, stjórnar, eigenda og samfélagsins. Helstu áherslur hennar eru: líðsheild og gildi, ráðningar og fjölbreytni, móttaka nýliða, þjálfun og fræðsla, stjórnun og endurgjöf, öryggi og vinnuvernd, einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi, þekkingar- og upplýsingamiðlun, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, jafnrétti og sveigjanleg starfslok.

Jafnlaunavottun

Félagið vinnur að jafnlaunavottun og stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki fyrir lok árs 2019. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Jafnlaunavottun var lögfest í júní 2017 með breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna

og karla nr. 10/2008. Samkvæmt lögnum skal jafnlaunavottun byggjast á jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Með innleiðingu hans geta fyrirtæki og stofnanir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismun.

Persónuvernd

Vegna aukinna krafna laga um persónuvernd og vinnslu upplýsinga hóf félagið vinnu við skráningu ferla gagnvart þessum auknu kröfum. Þann 27. apríl 2016 skrifuðu forsetar Evrópuþingsins og -ráðsins undir nýja evrópska persónuverndarlöggjöf sem síðan kom til framkvæmda í Evrópu þann 25. maí 2018. Þar sem vernd persónuupplýsinga er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) var Ísland skuldbundið til að innleiða þessa nýju löggjöf í íslenskan rétt. Þann 15. júní 2018 tóku síðan gildi ný lög frá Alþingi um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Með þessum lögum var persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins innleidd í íslenskan rétt.

Spillinga-, mútu- og mannréttindamál

Stjórn félagsins hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra.

Félagið virðir almenn mannréttindi og rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Áhersla er lögð á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu, hvort sem um er að ræða starfsmenn þeirra eða eigin undirverktaka.

Félagið hefur ekki sett sér skrifleg viðmið um spillinga-, mútu- og mannréttindamál en vinna við þau er hafin og lýkur væntanlega á árinu 2019.

